



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um tímabundinn flutning leikskólans Hálsaskógs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2023 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. nóvember 2023:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Hálsaskógar – Borgar, að Hálsaseli 27 - 29 og að starfsemin flytjist í Ævintýraborg í Vogabyggð. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Hálsaseli 27 – 29 í Reykjavík

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Hálsaskógar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Hálsaskógar – Borg, að Hálsaseli 27 - 29 og að starfsemin flytjist í Ævintýraborg í Vogabyggð. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Hálsaseli 27 -29, Reykjavík.

Greinargerð:

Við ástandsskoðun fundust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Hálsaskógar-Borg. Starfsemin var flutt annað í byrjun árs 2023. Leikskólinn er núna í leikskólanum Ævintýraborg í Vogabyggð.

Búið er að hanna og verið að klára útboðsgögn til að senda út. Þegar verktaki er komin á verkið má gera ráð fyrir einu ári í framkvæmdir. Því er raunhæft að gera ráð fyrir að Hálsaskógur flytji í endurgert húsnæði í lok árs 2024.

Búið er að rífa upp gólf, brjóta einangrun utan af útveggjum á langhliðum, rífa niður alla létta vegg og loftplötur. Húsið var byggt 1980 og húsið er komið á tíma fyrir meiriháttar viðhald.

Það er margt sem verður lagfært/uppfært í framkvæmdum og m.a. komið fyrir dreni og einangraður sökkul, sett loftræsti kerfi með varma endurnýtingu, sett gólfhitakerfi, fræst í gólf og hætt með ofnakerfi, skipt um öll gólfefni, skipt út gluggum, einangrað og húsið klætt og hljóðvist bætt.